VÍSIR

Útgefandi: Reykjaprent hf.
Framkvæmdastjóri: Davíð Guðmundsson.
Ritstjórar: Þorsteinn Pálsson, ábm.
Ólafur Ragnarsson

Ritstjórnarfulltrúi: Bragi Guðmundsson. Fréttastjóri erlendra frétta: Guðmundur Pétursson. Umsjón með helgarblaði: Árni Þórarinsson. Blaðamenn: Edda Andrésdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Arngrímsson, Kjartan L. Pálsson, Óli Tynes, Rafn Jónsson, Sigurveig Jónsdóttir. Akureyrarritstjórn: Anders Hansen. Íþróttir: Björn Blöndal, Gylfi Kristjánsson. Útlitsteiknun: Jón Óskar Hafsteinsson, Þórarinn J. Magnússon. Ljósmyndir: Jens Alexandersson, Loftur Ásgeirsson.
Auglýsingastjóri: Þorsteinn Fr. Sigurðsson. Dreifingarstjóri: Sigurður R. Pétursson.

Auglýsingar: Hverfisgata 44. Símar 11660, 86611
Afgreiðsla: Hverfisgata 44. Sími 86611
Ritstjórn: Síðumúla 14. Sími 86611, 7 línur
Akureyri. Sími 96-19806

Áskriftargjald kr. 1100 á mánuði innanlands.
Verð í lausasölu kr. 60 eintakið.
Prentun: Blaðaprent hf.

Skrifstofuvaldið og Bíldudalur

Síðustu daga hefur mönnum orðið tíðrætt um hrun atvinnulífsins á Bíldudal. Þar hafa sannarlega gerst hrikalegir atburðir, er stefnt hafa afkomu fólksins í þorpinu í mikla tvísýnu. Ljóst er að gera þarf verulegt átak til þess að hefja þar viðreisn atvinnulífsins.

En það alvarlegasta í þessu máli er þó, að svo virðist sem íbúar þessa þorps hafi verið leiksoppar misviturra valdaaðila, sem sitja á stjórnarskrifstofum í Reykjavík. Flokkspólitískt kukl í atvinnustarfseminni getur aldrei þjónað skynsamlegum hagsmunum. Það er oftast nær af hinu illa.

Atvinnurekstur í sjávarþorpum stendur og fellur að öllu jöfnu með fiskvinnslunni. Fyrirtækið Boði hf. rak frystihús á Bíldudal frá 1972 og fram til ársins 1975. Þessi rekstur var undirstaða atvinnustarfseminnar í þorpinu.

Fyrirtækið var rekið með nokkrum halla, sem var þó ekki meiri en svo að Byggðasjóður tapaði mun stærri upphæðum á því þriggja mánaða tímabili, sem hann hafði reksturinn með höndum. Talið er að sú sýnikennsla opinberra aðila hafi verið rekin með 10 til 14 millj. króna tapi.

Í framhaldi af sýnikennslu Byggðasjóðs var að undirlagi Fiskveiðisjóðs stofnað nýtt fyrirtæki um rekstur frystihússins. Upplýst hefur verið, að opinberir aðilar hafa varið yfir 80 milljónum króna til endurreisnarstarfsins auk kaupa á báti. Þrátt fyrir þennan fjáraustur hefur ekkert gerst eftir að stjórnvöld hófu bein afskipti af lífshagsmunum íbúanna á Bíldudal.

Nú kemur það ekki á óvart, þó að flokkspólitískt skrifstofuvald í Reykjavík geti ekki rekið frystihús vestur á fjörðum. Þeirri spurningu er hins vegar ósvarað, hvers vegna skrifstofu- og embættismannavaldið í Reykjavík gekk fram í því af svo miklum áhuga, sem raun ber vitni um, að leysa upp rekstrarfyrirtækið Boða hf. Þessari spurningu þurfa stjórnvöld að svara.

Frystihúsbyggingin á Bíldudal hefur verið í eigu Fiskveiðisjóðs. Einn af forystumönnum í atvinnumálum á Bíldudal, Eyjólfur Þorkelsson, hefur í grein hér í blaðinu upplýst, að Fiskveiðisjóður hafi á þeim tíma, sem rekstur Boða hf. var í mestum blóma, beitt sér fyrir upplausn félagsins og stofnun nýs fyrirtækis um reksturinn.

Ástæða er til að hlutaðeigandi stjórnvöld geri opinberlega grein fyrir því, hvaða hagsmunum þau hafi verið að þjóna með þessum aðgerðum. Það liggur ekki í augum uppi, að rekstrarleg sjónarmið hafi legið þar að baki. En hafi svo verið, þarf að gera grein fyrir þeim.

Stjórnvöld þurfa einnig að svara þeirri spurningu, hvers vegna flóðgáttir opinberra sjóða opnuðust fyrst eftir að skipt hafi verið um rekstraraðila og stjórnendur. Óhjákvæmilegt er að fullnægjandi skýringar verði gefnar á þessu atriði.

Þegar á allar aðstæður er litið verður ekki annað séð en unnt hefði verið að halda uppi fullri atvinnu á Bíldudal. Þar eru dugandi athafnamenn, sem betur eru til þess fallnir að stjórna atvinnufyrirtækjunum en flokkspólitískt embættismannavald í Reykjavík. Hrunið á Bíldudal er einfalt skólabókardæmi um það, hvernig fer, þegar skrifstofuvaldið ætlar að taka fram fyrir hendurnar á athafnamönnum í héraði.

Stjórnvöld eiga eftir að svara veigamikl[illegible] spurningum um þetta mál og að [illegible] réttu lagi ætti Alþingi að kjósa rannsókn[illegible]nefnd til að kanna málavexti alla.

VIÐ VILJUM FÁ REYKVÍKINGA TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í MÓTUN UMHVERFIS SÍNS

— sagði borgarstjóri við opnun skipulags sýningarinnar

Skipulagssýning Reykjavíkur var opnuð að Kjarvalsstöðum í gærkvöldi. Aðalskipulag borgarinnar var samþykkt árið 1965 og síðan staðfest árið 1967. Við þetta aðalskipulag hafa síðan komið fram fjölmargar breytingartillögur sem hafa verið afgreiddar frá skipulagsnefnd, en auk þess eru margar tillögur um breytingar á deiliskipulagi í vinnslu eða fyrir skipulagsnefnd.


Sýningin að Kjarvalsstöðum gefur mjög gott yfirlit yfir skipulagsmál borgarinnar eins og þau eru í dag og hver þróunin á að verða í nánustu framtíð.

Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar hefur unnið að skipulaginu, en höfundar þess eru fjölmargir. Hilmar Ólafsson forstöðumaður þróunarstofnunarinnar hefur haft yfirumsjón með uppsetningu sýningarinnar. Við opnun hennar í gær flutti Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri ávarp og sagði meðal annars:

„Þróunarstofnun Reykjavíkur hefur í mörg ár unnið að endurskoðun aðalskipulagsins frá 1965 undir yfirstjórn skipulagsnefndar Reykjavíkur, sem hefur rætt allar tillögur og hugmyndir jafnóðum og þær hafa komið fram. Þótt talað sé um endurskoðun aðalskipulagsins, er réttara að segja, að hér sé nýtt aðalskipulag á ferðinni. Svo gagnger hefur endurskoðunin verið, auk þess sem nú eru kynntar hugmyndir að aðalskipulagi alls þess lands, sem í dag er talið byggilegt innan marka borgarlandsins og fylgdi ekki með í skipulaginu frá 1965.

Skipulagsnefnd borgarinnar hefur afgreitt hið nýja aðalskipulag að sínu leyti og nú er það borgarráðs og borgarstjórnar að samþykkja það endanlega. Áður en það verður gert vilja borgaryfirvöld kynna borgarbúum þessar tillögur og hugmyndir, þannig að reykvíkingar geti komið fram með sínar ábendingar og athugasemdir, áður en aðalskipulagið verður samþykkt. Þess vegna er þessi sýning haldin hér að Kjarvalsstöðum.

Fátt mótar umhverfi borgarbúa meira en skipulagsákvarðanir. Því er nauðsynlegt, að borgarbúar geti kynnt sér skipulagshugmyndirnar, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Við viljum því hvetja reykvíkinga til að koma að Kjarvalsstöðum þessar vikur, sem sýningin stendur yfir, kynna sé rækilega hin framlögðu gögn og hlýða á útskýringar sérfræðinga, en þeir munu skýra einstaka þætti skipulagsins á fyrirfram auglýstum tímum. Umfram allt viljum við fá athugasemdir og ábendingar frá sýningargestum, sem gætu orðið borgarráði og borgarstjórn til leiðbeiningar við endanlega afgreiðslu málsins. Á þennan hátt viljum við fá reykvíkinga til að taka þátt í mótun umhverfis síns í þeirri trú, að það leiði til aukinnar farsældar fyrir borgina".



Hilmar Ólafsson forstöðumaður Þróunarstofnunar að leggja lokahönd á undirbúning. (Ljósm. Loftur)

Megin þættirnir

Aðalskipulagið greinist í sjö megin þætti:

1. Tilhögun framtíðarbyggðar.
2. Endurnýjun eldri hverfa.
3. Miðbæjarsvæði.
4. Hafnarsvæði, iðnaðarsvæði og vörugeymslusvæði.
5. Íbúðasvæði.
6. Opinberar stofnanir og útivistarsvæði.
7. Gatnakerfi aðalskipulagsins.

Eins og eðlilegt er hafa þessi atriði fléttast mjög saman og við vinnu við endurskoðunina hefur verið fjallað um þau þannig en ekki alltaf út af fyrir sig.

Framtíðarbyggð við Úlfarsfell

Í núgildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir að framtíðarbyggð myndi þróast í suður á öllu höfuðborgarsvæðinu og Reykjavík, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður myndu meira og minna byggjast saman í framtíðinni. Þessar hugmyndir hafa nú breyst og nú stefnir Reykjavík til austurs, að Mosfellssveit.

Þróunarstofnunin hefur gert athugun á landi borgarinnar austan Grafarvogar allt að lögsagnarmörkum Mosfellssveitar og þar hefur nú verið gerð til-